

Miðvikudaginn 28. ágúst 1985.

Nr. 198/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. þ.m., er barst dómnum næsta dag. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstím-inn verði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurður-inn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. ágúst 1985.

Ár 1985, föstudaginn 23. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Unu Þóru Magnúsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að Garðari Garðarssyni, fæddum 10.01. 1965, til heimilis að Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.

Málavextir eru þessir.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn máls vegna meints skjalafals og fjárvika.

Kærði í máli þessu er undir rökstuddum grun um að hafa verið hér að verki, en hann hefur alfarið neitað öllum sakargiftum.

Við skoðun í myndasafni rannsóknarlögreglunnar hafa tvö vitni borið kennsl á kærða, starfsmaður á myndbandaleigu hér í borg, þar sem kærði er talinn hafa tekið bæði myndbandstæki og myndbandsspólu á leigu þann

13. ágúst sl., sem hefur ekki enn verið skilað, og afgreiðslustúlka á veitingastað, þar sem kærði er talinn hafa framvísað falsaðri ávísun. Er þessi ávísun úr tékkhefti, sem stolið var á síðastliðnu ári. Var í báðum tilfellum notað nafnið Jóhannes V. Jóhannesson.

Nefndur Jóhannes hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni borið, að hann hafi tapað veski sínu fyrir um það bil 2 árum og hafi það innihaldið meðal annars persónuskilríki hans.

Frá byrjun þessa árs og fram til 15. júlí hefur kærði verið að afplána fangelsisdóm. Hefur hann margsinnis komið við sögu hjá rannsóknarlögreglunni vegna afbrota, og á síðastliðnu ári voru til meðferðar hjá sömu aðiljum 28 mál vegna ætlaðra þjófnaða og skjalafals kærða. Samkvæmt sakavottorði hans hefur hann á síðustu 3 árum hlotið 6 fangelsisdóma, þar af 5 fyrir auðgunarbrot. Nú bíður hans tveggja ára fangelsisdómur, sem kveðinn var upp í sakadómi Reykjavíkur þann 18. júlí sl., meðal annars fyrir brot gegn almannafriði og allsherjarreglu og vegna skjalafals, misnotkunar persónuskilríkja og þjófnaðar.

Rannsókn þeirra mála, er að framan greinir, er á byrjunarstigi, og með hliðsjón af brotaferli kærða er ástæða til að ætla, að hann haldi áfram brotum, ef frelsi hans er óskert.

Með skirskotun til ofanritaðs og samkvæmt 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar til greina og gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.

Kærði er sakaður um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, sem geta, ef sök sannast, varðað hann fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 34, 1944 gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.